

Reykjavík,  
Dags. 21.9.2023

**Viðtakandi:** Íbúaráð Miðborgar og Hlíða

**Sendandi:** Sigrún Tryggvadóttir formaður ÍMR

**Efni:** Aukið veggjakrot í miðbænum

ÍMR telur að veggjakrot hafi aukist í borginni. Veggjakrotið skemmir eigur íbúa og annarra eigenda, kostnaður við hreinsun er verulegur og stundum illgerlegt að þrifa. Reykjavíkurborg þrífur aðeins krot af eignum borgarinnar, sjá síðu <https://reykjavik.is/veggjakrot>

Hér áður hafði borgin verktaka á sínum snærum sem þreif krotið af veggjum og girðingum eigendum að kostnaðarlausu en eigendur greiddu fyrir málningu og efni. Svo er ekki lengur heldur er boðið upp á fyrsta hreinsun sjá link að ofan. Þetta úrræði dugar ekki þeim íbúum miðborgarinnar sem eru mest útsettir fyrir þessi skemmdarverk því eina leiðin sem hefur dugað hingað til er að fjarlægja það strax og það getur reynst kostnaðarsamt ef það er krotað aftur og aftur.

*Afgreiðsla ráðs (hvers er óskað að íbúaráð X geri með erindið?)*

Taki til umræðu og sendi bókun á viðeigandi stofnun hjá Reykjavíkurborg til aðgerða.